

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 228/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/994 frá 17. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1030 frá 21. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir indoxakarbi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12zzzzzy (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/641) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzz. **32019 D 0994**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/994 frá 17. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 26),

12zzzzzza. **32019 D 1030**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1030 frá 21. júní 2019 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir indoxakarbi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 167, 24.6.2019, bls. 32).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 167, 24.6.2019, bls. 32.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2019/994 og (ESB) 2017/1030, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.